# Gjörðabók

## áfengisvarna-nefndar Vestur Húnavatnssýslu

Árið 1957, sunnudaginn 14 júlí var fundur settur
og haldinn ~~í Hvammstanga~~ með áfengisvarnanefndum
í Vestur Húnavatnssýslu, að Hvammstanga.

Fundinn setti áfengisvarnaráðunautur Brynleifur
Tobiasson, nefndi hann sem fundarstjóra Sig. Eiríksson,
oddvita Ósi og ritara Jóhannes E. Levy, oddvita í Hrísakoti.
Mættir voru á fundi þessum sr. Róbert Jónsson, einnig
~~[illegible]~~ og Ólafur Daníelsson, héraðslæknir á Hvammstanga.
Áfengisvarnanefndarmenn voru mættir úr þessum hreppum:
[illegible]hreppi: Sig. Eiríksson, oddviti Ósi, Jóhanna Jónsdóttir
húsfrú Miklahóli, Óli Hjálmarsson bóndi Jaðri.
Kirkjuhvammshreppi: Jón R. Jóhannsson, oddviti Bessa-
stöðum, Jón Ólafsson bóndi Vatnshorni.
Þverárhreppi: Jóhannes E. Levy, oddviti Hrísakoti.
Ytri Torfustaðahreppi: Björn Bergmann Guðmundsson bóndi,
Svalbarði, Jóhannes Björnsson, vinnumaður í Reykjahólum.
Hvammstangahreppi: Egill Ólafur Guðmundsson, verkamaður.
Jónína Sigvaldadóttir frú.

Eftirfarandi dagskrá var lögð fram:

1. Fundarsetning.
2. Fundarmannatal
3. Kosinn fundarstjóri og fundarritari.
4. Ávarp áfengisvarnaráðunauts og lagt fram

upplestur að lögum fyrir félag áfengisvarnanefnda í sýslunni

5. Gengið frá félagsstofnun og stjórnarkjöri
6. Lögð fram fjölrituð reglugjörð um eftirlit með sam-komum í Arn.sýslu. Páll Bjarnason sýslumaður hefði framsögu
7. Önnur framkvæmdaverkefni.
8 Sýnd kvikmynd og skýrð
9. Fundargjörð lesin.
10 Fundarslit.

Áfengisvarnarnefndarmenn ræddu allýtarlega einróma í stafl. 4 lið dagskrárinnar og svöruðu þeim fyrir-spurnum er fram voru bornar. Var síðan samþ. að stofna félagið með öllum atkvæðum fundarmanna. Fór fram stjórnarkjör og voru þessir menn kosnir: Aðalmenn: Jóhannes Ó. Levý með 7 atkv. Sigurður Eiríksson með 5 atkv. og Sigurður Kolbeins með 5 atkv. Varamenn: Þóra Sigvaldadóttir með 7 atkv. Ólafur Egill Guðmundsson með 7 atkv. Björn Guðmundsson með 6 atkv. Þar næst fór fram kosning tveggja endurskoðenda: Kosnir voru Óli Kristinsson Garði og Jóhannes Björnsson Reynihólum. Þá var tekinn liður dagskrárinnar fyrir tekinn. Páll Bjarnason las og skýrði allrækilega reglugjörð er sem gildir í sýslunni, einnig ræddi hann ýmis mál varðandi áfengisbölið. Umræður urðu nokkrar. Svofelld tillaga

var borin fram af Jóni R. Jóhannessyni, er var samþykt með öllum atkvæðum fundarmanna:
„Fundurinn felur stjórninni að láta reglugjörð þá sem hér liggur fyrir til umsagnar fyrir Ölfusið, leggja hana aftur með áorðnum breytingum fyrir fram-haldsfund til athugunar og frekari afgreiðslu."
Að lokum flutti áfengisvarnaráðunauturinn nokkur orð, hvatti til samtaka, þakkaði fundarmönnum komuna, og árnaði þeim heilla, og fundarstjóra sköruglega fundarstjórn, einnig þakkaði Pétri Björnssyni Ólafi Guðmundssyni fyrir undirbúning fundarins.
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargjörðin upplesin og samþykkt
Fundi slitið

[illegible] Eiríksson

# Lög

## fyrir félag áfengisvarnanefnda í Vestur-Húnavatnssýslu

### 1gr.

Tilgangur félagsins er að efla starf áfengisvarnanefndanna í félagssvæðinu og koma á samstarfi með þeim, til þess að starf þeirra komi að sem bestum notum.

### 2gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið að ná með því:

a að nefndirnar hafi samstarf um ýmsar framkvæmdir, er stuðlað geti að áfengisvörnum og samvinnu við menningarfélög í félagssvæðinu.

b. að þær kynnist sem best störfum hver annarar.

c. að þær fylgist sem best með því helsta, sem fram fer í hverjum tíma í áfengismálum og áfengisvörnum landsins.

d. að þær kosti kapps um, hver fyrir sig, og allar í heild að vinna sem rækilegast að vínbindindi og reglusemi inn á við og út á við.

e. að vinna að breyttu og bættu ~~sam~~ skemmtanalífi og háttum manna á opinberum samkomum og einnig í einkasamkomum í héraðinu.

### 3gr.

Aðalfundur skal haldinn í október, ár hvert. Þar er kosin þriggja manna stjórn. Jafn-

margir til vara og tveir endurskoðendur reikninga, allir til eins árs í senn. Stjórnin skiftir með sér verkum. Skal einn vera formaður, annar ritari og hinn þriðji gjaldkeri. Á aðalfundi skal stjórn og endurskoðendur mæta, einnig aðalstarfsmaður félagsins (sbr. 4 gr.) og að minsta kosti einn fulltrúi frá hverri nefnd, sem fer með atkvæði nefndarinnar, en aðrir nefndarmenn skulu hafa málfrelsi og tillögurétt. Aðalfund skal boða með hálfsmánaðarfyrirvara. Þar skulu fara fram öll venjuleg störf aðalfunda, auk þess, sem fyr greint er. Aukafundi skal halda, ef meiri hluti stjórnar eða minst þrír ~~fundar~~ nefndarmenn óska þess.

4 gr.

Félagið skal hafa aðalstarfsmann, er ráðinn sé af áfengisvarnaráði, að fengnum tillögum félagsstjórnar. Skal hann vera tengiliður milli nefndanna þeirra til leiðbeiningar í ýmsum háttum, styðja þær og samræma störf þeirra. Eftir fyrirmælum áfengisvarnaráðs, er setur honum starfsreglur og ákveður honum starfskjörin. Nauðsynlegan kostnað við fundarhöld, skrifstofu, síma o.fl. greiðist úr félagssjóði, enda greiði áfengisvarnaráð framlag til félagsins til nauðsynlegra framkvæmda. Öðrum tekjum, sem félaginu kann að áskotnast,

skal stjórn félagsins vera samkvæmt tilgangi hess.

5 gr.

Lögum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi, og þarf meiri hluta atkvæða og samþykki áfengisvarnaráðs.

——— " ——— ——— " ———

Stjórn áfengisvarna-nefnda Vestur-Hún-vatnssýslu kom saman (sama dag) 14 júlí í Ásbyrgi í Hrútafirði og skifti með sér verkum þannig:
séra Gísli H. Kolbeins, formaður
Jóhannes E. Levý, gjaldkeri
Gísli Eiríksson, ritari, sem tók að sér undirbúning að reglugjörð um löggæslu á almennum skemmtistöðum í Vestur-Húnavatns-sýslu, sem stjórnin fjallaði síðar um, laugardaginn 10 ág 1957, að Stað í Hrútafirði

Fleira eigi gjört

Gísli Eiríksson

Laugardaginn 10 ág. 1957. mætti stjórn áfengisvarnanefnda Vestur Húnavatnssýslu á fundi á Óldi.

Tekið var fyrir:

1. Erindi frá upplásti að reglugjörð um löggæslu á almennum skemmtistöðum í Vestur Húnavatns-sýslu.

2. Eðla Eiríkssyni falið að sjá um fjölritun á upplöstunni og afgreiða það til formanna stjórnarinnar, fyrir 20 sept., er síðan dreyfi því til formanna áfengisvarnanefndanna í sýslunni.

Fleira eigi gjört

Eðvarð Eiríksson

Sunnudaginn 17 ág. 1958, var aðalfundur áfengisvarnanefnda V.-Hún. haldinn á Hvammstanga. Fundinn setti og stjórnaði Gísli Kolbeins og nefndi til fundarritara Jóhannes Björnsson og skipaði í kjörbréfanefnd þá Jóhannes Laxdal, Björn Kristmundsson og Óla Kristinsson í þann. Mættir voru á fundinum 11 fulltrúar og Pétur Björnsson erindreki og Páll Kolbeins, sem var gestur fundarins, bauð formaður erindreka gesti og fulltrúa velkomna.

Þá las formaður upp dagskrá fundarins og fór nokkrum orðum um störf nefndarinnar á liðnu ári. gaf síðan gjaldkeri félagsins orðið, las hann upp endurskoðaða reikninga félagsins og skýrði þá. Voru þeir síðan bornir upp og samþykktir samhljóða. Þá flutti Páll Kolbeins ávarp, þá næst flutti Pétur Björnsson erindreki ræðu. Minntist hann í upphafi ræðu sinnar Brynleifs Tobiassonar og bað fundarmenn að votta þeim látna virðingu sína með því að rísa úr sætum. Þá ræddi hann nokkuð um störf áfengisvarnaráðs og hvernig því fé væri varið, sem það hefði til umráða úthlutunar. Sömuleiðis minntist hann á setningu reglugerðar

um löggæslu í skemmtihúsum í sýslunni. Þakkaði fundarstjóri honum hinar ágætu ræðu og fyrir það starf sem hann hefir unnið þessu félagi og áfengisvörnum í landinu og óskaði þess að þess sambands mætti lengi njóta hans enn.

Því næst flutti formaður áfengisvarna-nefndar skýrslu um störf nefndarinnar á liðnu ári.

Þá lagði Árni Kolbeins fram eftirfarandi tillögu frá stjórninni

Aðalfundur félags áfengisvarnanefnda V.Hún. haldinn í Hvammstanga 17 ág 1958. telur nauðsyn bera til þess að vinna að því, að löggæslumenn V.Hún. fái viðunandi starfsskilyrði, svo að reglugjörð um löggæslu í V.Hún., sem nú bíður staðfestingar í ráðuneyti nái tilgangi sínum.

Nú í því efni benda á nauðsyn þess að löggæslumenn hafi aðstöðu til fangageymslu í samkomuhúsum t.d. með því að hafa til umráða herbergi, sem geti komið að þeim notum.

Skorar fundurinn á sýslunefnd, lögreglustjóra og áfengisvarnaráð að vinna að því að fullnægjandi starfsskilyrði fáist til þess að reglugjörðin verði í fullu gildi.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún

sem þykkt samhljóða

Þá næst var gengið til kosninga. Kosin var stjórn og varastjórn fyrir næsta ár. Kosnir voru: Eiði Kolbeins með 9. atkv. Eiði Eiríksson með 7 atkv. og Jóhannes Leví með 9. atkv. og til vara Jóhannes Björnsson, Egill Ögmundarson og Óli Kristinsson

Skemmtinganefnd hafði útbúið eftirfarandi álit: áætlun um tekjur og gjöld árið 1958.

Tekjur.

| | |
|---|---|
| Frá f. ári | Kr. 26.45 |
| " áfengisvarnaráði | " 2500.00 |
| | Kr. 2526.45 |

Gjöld

| | |
|---|---|
| Skemmtikostnaður | Kr. 500 - |
| Fundarhald á deildarfundum | - 250 - |
| Bifreiðarkostnaður | - 900 - |
| Húsalán f. Kvikmyndasýningar | - 200 - |
| Bindindisfræðsla í skólum | - 500 - |
| Ýmis útgjöld | - 176.45 |
| | Kr. 2526.45 |

Var áætlunin borin undir atkvæði og samþ. samhljóða

Fleira eigi gjört

Fundargjörðin upplesin og samþ. Fundi slitið

Eiði H. Kolbeins
Deildarstjóri

Jóhannes Björnsson
Deildarritari

# Reikningur

yfir tekjur og gjöld Fél. Áfengisvarnarn. í Vestur Húnavatnssýslu árið 1957.

## Tekjur:

| | | Kr. au. |
|---|---|---|
| 1. | Frá Áfengisvarnaráði (framlag.) | 500.– |
| | Kr. | 500 – |

## Gjöld:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Ferðakostnaður: | | | |
| a. | sr. Gísli H. Kolbeins | fylgiskj. I. | kr. | 175.– |
| b. | Jóhannes Levy | – – II. | – | 224.– |
| 2. | Fundabók | – III. | – | 19.75 |
| 3. | Síma kostnaður | – IV. | – | 42.30 |
| 4. | Burðargjöld bréfa | – V. | – | 12.50 |
| 5. | Hjá gjaldkera (peningar) | | – | 26.45 |
| | | | Kr. | 500.00 |

Hrísakoti, 30/1. 1958
Jóhannes B. Levy
(gjaldkeri)

Reikninginn sýnist
Óli Hjörleifsson
Jóhannes Björnsson

Fundur félags áfengisvarnanefnda í Vestur Húnavatnssýslu var settur og haldinn í Verkalýðshúsinu á Hvammstanga 14. september 1959. Formaður félagsins sr. Gísli H. Kolbeins setti fundinn og bað Helga Valdimars að vera fundarritara.

Formaður minntist látins ritara félagsins Gísla Eiríkssonar Stað og bað fundarmenn að heiðra minningu hans með því að rísa úr sætum.

Þá flutti hann skýrslu stjórnarinnar og skýrði frá ýmsu því að lútandi. Pétur Björnsson erindreki flutti erindi og skýrði frá ýmsu varðandi áfengisvarnir hér á landi, og ýmislegt fleira.

Þá las formaður upp endurskoðaða reikninga félagsins vegna fjarveru gjaldkera og var hann samþykktur samhljóða.

Frú Þóra Sigvaldadóttir tók til máls og talaði um áfengisvarnir

og þeir staklega hveagalegt væri
ef bílstjórar aka undir áhrifum
áfengis, og hvernig helzt væri hægt
að ráða bót á því.
Björn Bergmann taldi nauðsynlegt
að fá góða menn í skólana.
Svo hljóðandi tillaga kom fram frá
form. félagsins.
" Aðalfundur fél. áfengisvarnanefnda
V-Hún. skorar á hið háa Alþingi
að veita hið fyrsta nægilegt fé
til þess að staðfestar verði og framkvæmd-
ar þær reglugerðir sem sýslunefndir
hafa samþykkt og eigi hafa verið
staðfestar vegna skorts á fjárveit-
ingu. Jafnframt skorar fundurinn á
Dómsmálaráðuneytið að gjöra samkvæma
áætlun um fjárþörf til þess að
framkvæma reglugerðirnar og
staðfesta hið fyrsta allar reglu-
gerðir sem fyrir liggja." Samþ. samhlj.
Þá fóru fram kosningar.
Kosnir voru í stjórn þeir Ólafur
Egill Guðmundur. með 9 atkv.

Jóhannes Long með 8 atkvæðum og
Jóhannes Björnsson með 6 atkv. með
kosningu milli hans og Ragnars
Benediktssonar.
Varastjórn: Þóra Sigvaldadóttir.
Ragnar Benediktss. og Björn
Bergmann, með hlutkesti milli hans
og Óla á Jaðri.
Endurskoðendur voru kosnir samkv.
uppástungu þeir sr. Gísli H. Kolbeins
og Hermann Stefánsson.
Svohljóðandi tillaga kom fram frá
Jóhannesi Long.
„Aðalfundur félags áfengisvarnanefnda
í V.-Hún. haldinn að Hvt. hinn 14/9
1959 felur stjórn sinni að koma á
skólamótum í sýslunni á komandi
vetri, eftir því sem við verður
komið og fjárhagur leyfir."
Tillagan var samþ. samhljóða af
öllum fundarmönnum.
Á fundinum voru mættir 11 manns
af 21 sem í félaginu eru.
Fleira lá ekki fyrir fundinum.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið.
Gísli H. Kolbeins          Helgi Valdimarsson
(fundarstjóri)          (fundarritari)

Þ. 1959 sunnudaginn 13. dag desembermánaðar kom hin nýkjörna stjórn fél. áfengisvarnanefnda V-Hún saman til fundar að Hnúsakoti.
Þetta var gjört:
I. Verkaskifting. formaður var kosin Jóhannes Björnsson. gjaldkeri: Egill Ól. Guðmundsson, ritari: Jóh. Davíð
II. Stjórnin ræddi all mikið ýms mál varðandi áfengismál almennt. Ályktanir ekki gjört. Fundi slitið

Jóhannes Björnsson
Egill Ól. Guðmundsson.
Jóhannes E. Davíð.

# Reikningur

yfir tekjur og gjöld til úfengisv. n. V-Hún. árið 1958

## Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Eftirstöðvar frá f. ári: | Kr. | 26.45. |
| 2. Frá Áfengisvarnaráði (framlag) | " | 2.000.– |
| | " | 2.026.45 |

## Gjöld:

1. Stjórnarkostnaður.

a. Ferðakostn., fermabréf, sími og bíf.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gísli Kolbeins | Fylgiskj: I | Kr. | 399.25. |
| Jóh. Lecy og Jón Jónsson. | " III | – | 190.– |
| Gísli Eiríksson | " II | – | 215.– |
| Óli V. Hjartarson bundaregni | " IV | " | 5.– |
| Jóh. Lecy, bundaregni og sími | V | " | 60.90 |

2. Kostnaður v/ aðalfundar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. Sýningarvél og húslán | Fylgisk: VI. | " | 200.– |
| b. Veitingar | " VII. | " | 270 – |
| c. Ferðakostnaður fulltrúa | " VIII. | " | 680 – |

3. Peningar hjá gjaldkera 6.30

" 2.026.45

Húsakoti 30 Jan. 1959.

Jóhannes G. Lecy. gjaldk.

Óli Hjartarson

Jóhannes Björnsson.

(endurskoðendur)

Ár 1960 sunnudaginn 11 dag sept. þ.m. var fundur settur og haldinn í fél. áfengisvarnanefnda í Vestur Húnavatnss. að Hvammstanga kl. 16.35 s.d.
Fundinn setti form. fél. Jóhannes Björnss, bauð hann fundarmenn velkomna til fundarsetu og þá sérstaklega hr. Pétur Björnsson erindreka, sem mættur var á fundinum. Formaður gat í stórum dráttum starfs stjórnarinnar á s.l. starfsári m. a. skólamóts er haldið var að Reykjaskóla gat form. þess að mót þetta hefði tekist mjög vel. Þá flutti gjaldkeri félagsstjórnar Egill Ólafur Guðmundsson reikn. fél. frá árinu 1959 og skýrði þá, voru þeir samþ. samhljóða. Þessu næst flutti Pétur Björnsson erindreki erindi, var það mjög víðsýnt og fróðlegt, svo sem hans er venja. Ræddi erindrekinn um skólamótið á Reykjaskóla, lýsti ánægju sinni með það og gat sérstaklega erindis Ísaðar þorleifss. læknis er hann flutti þar.
Gat erindrekinn þess að nú væri

lokið stofnun fél. áfengisvarnanefnda
í öllum sýslum landsins og benti
á nauðsyn þess að halda þessum
stóra hring saman. Þá ræddi
hann um væntanlegt skólamót
hér á þessu starfsári og gaf um
það ýmsar góðar ábendingar.
Að lokinni ræðu erindrekans
þakkaði form. félagsins hans góða
erindi og voru umræður gefnar
frjálsar, tóku margir til máls og
ræddu um ástand og horfur í
áfengisvarnamálum umdæma sinna.
Voru [illegible] lektori og skólastjóra-
hjónunum á Reykjaskóla færðar
þakkir fyrir þann hlut er þessir
aðilar settu fram til að Reykjaskóla-
mótið fór svo vel sem raun varð á.
Þá lagði stjórn fél. fram eftirfar-
andi tillögur er allar voru samþ.:
I. Fundurinn skorar á ríkisstjórn-
ina að staðfesta nú þegar reglu-
gerðir um löggæslu á skemmtisam-
komum, sem samþykktar hafa

verið í öllum sýslum landsins,
og hafa enn ekki hlotið staðfestingu,
þá skulu teknar rækilega til athug-
unar óskir löggæslumanna um full-
komna lögreglubíla til afnota við störf sín.
II. Fundurinn felur stjórn sinni að
beita sér fyrir því að haldið verði
skólamót á félagssvæðinu á þessu
starfsári, þar sem rætt sé um
bindindismál og almennt siðferði.
Mót þessi séu fyrir nemendur,
kennara barna og unglingaskólanna
og forsjármenn barna og unglinga,
kennara þeirra og aðra er tilhlýðilegt
þykir að bjóða á skólamótið.
Áfengisvarnanefndir annist undir-
búning og framkvæmd skólamótsins
í samvinnu við félagsstjórnina og
Áfengisvarnaráð.
III. Fundurinn þakkar alþingi fyrir hækkað
framlag til Áfengisvarnaráðs í fjárlögum
1960. Jafnframt lítur fundurinn svo á,
að brýn þörf beri til að veita enn meira
fé til áfengisvarna, þar sem aukin

þyrfti áfengisvarnir að mun og áfengisvarnaráð eykur starfsemi sína með ári hverju.

IV. Fundurinn skorar á áfengisvarnanefndir á félagssvæðinu að gera það, sem í þeirra valdi stendur til þess að framfylgt sé sem best reglugerð um áfengisvarnanefndir og hafa í starfi sínu samband við félagsstjórnina og áfengisvarnaráð.

V. Fundurinn samþykkir að beina þeim tilmælum til áfengisvarnaráðs að ráðið hlutist til um það við rétta aðila, að vegalögregla verði aukin út um hinar dreifðu byggðir landsins og þá sérstaklega, þar sem ~~um~~ stærri samkomur er að ræða.

VI. Fundurinn felur frú Guðlaugu Narfadóttur erindreka áfengisvarnaráðs að koma þeirri ósk á framfæri við Kvenfélagasamband Íslands, að það að

gefnu tilefni skori á félagskonur allar, að þær sjái um að þessu gerði notað eingöngu til baksturs, en ekki til bruggunar áfengs öls. Þá fór fram kjör stjórnar og endur-skoðenda. Fluttu þeir Jón B. Jóhannesson Bakkastöðum og Sigurjón Sigurðsson Hvammstanga þá tillögu að stjórn og endurskoðendur yrðu endur-kjörnir, var það samþ: með öllum atkvæðum fundarmanna, skipa því eftirtaldir menn stjórn félagsins. Aðalmenn: Jóhannes Björnss, Hofsstöðum for. Egill Ól. Guðmundss. Hvammstanga gjaldk. Jóhannes E. Levy, Hrísakoti ritari. Varamenn: Björn Sigvalda, Hvt. Ragnar Benediktss. Bakkastöðum, Björn Bergmann Svarðbæli. Endurskoðendur. Sr. Gísli H. Kolbeins, Melstað. Ágúst Stefánss. Hlaugi. Var fundi þá slitið og fundargjörð upplesin og samþ: Var síðan þegið kaffi hjá E. Ól. Guðmundss og konu hans Hansínu Þorsteinsdóttur.

Jóhannes E. Levy
(fundarritari)

Jóhannes Björnsson
(fundarstjóri)

# Reikningur

Yfir tekjur og gjöld Fél. áfengisv. n. V-Hún. árið 1959.

| Tekjur: | Kr. | au |
|---|---|---|
| 1. Eftirstöðvar frá f. ári | 6. | 30. |
| 2. Framlag frá Áfengisvarnaráði | 3.000. | oo. |
| Kr. | 3.006. | 30. |

## Gjöld:

| | | Kr. | au |
|---|---|---|---|
| 1. Stjórnarkostnaður. | | | |
| a. Ferðakostnaður, sími og bréf. | | | |
| b. Jóhannes Björnsson | F.skj: I | 200. | oo. |
| b. Jóhannes berg Sörnk. | F.skj: II. | 20. | oo. |
| 2. Kostnaður v/aðalfundar. | | | |
| a. Húslán | F.skj: III. | 75. | oo. |
| b. Veitingar | „ IV. | 216. | oo. |
| c. Ferðakostnaður fulltr. | „ V. | 200. | oo. |
| 3. Peningar hjá Gjaldkera. | Kr. | 2.295. | 30. |
| | „ | 3.006. | 30. |

Hvammstanga 30 Jan. 1960
Egill Ól. Guðmundsson
– Gjaldkeri.

Endurskoðað.
Pétur Björgvsson
Sigurður Sigurðsson

Ár 1961, Laugardaginn 19. dag ágúst-
mánaðar var settur og haldinn aðal-
fundur Félags áfengisvarnanefnda í
Vestur-Húnavatnssýslu að Hvammstanga.
Fundinn setti og stjórnaði honum
form. félagsstjórnar Jóhannes Björnsson,
bauð hann fundarmenn velkomna
til fundarsetu og þá sérstaklega
hr. Pétur Björnsson, erindreka áfeng-
isvarnaráðs, sem mættur var á fund-
inum.
Formaður gat í stórum dráttum
starfs stjórnarinnar á s.l. ári, m.a.
skólamótsins er haldið var á Hvamms-
tanga á árinu, þar sem mættu allt
að 100 manns, mest unglingar og
Kennarar þessa hreppa, er sóttu
mótið. Jóhannes Björnsson, skólastjóri,
setti skólamótið með ræðu, en
Jóhannes Lang stjórnaði því.
Erindi fluttu séra Gísli Kolbeins á
Melstað og Daníel Guðmundsson
héraðslæknir. Nemendur Hvammstanga-
skóla og kirkju Hvammshrepps fluttu

skemmtiatriði og Páll Björnsson,
erindreki, sýndi kvikmyndir og
talaði um þær.
Séra Gísli Kolbeins hafði einnig
flutt bindindiserindi í Reykjaskóla
1. febrúar s. l. Skólamótið var hljóð-
ritað. Um kvöldið var almenningi
gefinn kostur á að sjá þær kvik-
myndir er sýndar voru á skóla-
mótinu og Páll Björnsson flutti
erindi um áfengisvarnir.
Þá voru fram bornar svohljóðandi tillögur:
1. Aðalfundur Félags áfengisvarna-
nefnda í Vestur-Húnavatnssýslu
haldinn að Hvammstanga hinn
19. ágúst 1961 skorar á ríkisstjórn-
ina að staðfesta nú þegar þær
reglugerðir um löggæzlu á
skemmtisamkomum, sem enn hafa
ekki hlotið staðfestingu.
Þá telur fundurinn nauðsyn til
bera, að vegalögreglan verði aukin
úti um byggðir landsins og þá sér-
staklega þar, sem fjölmennar sam-

Skemmtanir eru haldnar.

2. Aðalfundur Félags áfengisvarnanefnda í Vestur-Húnavatnssýslu, haldinn að Hvammstanga hinn 19. ágúst 1961 felur félagsstjórninni að gera ráðstafanir til þess að haldin verði skólamót á félagssvæðinu með líku sniði og mót þau, sem held-in hafa verið víða um land tvö undanfarin ár. Áfengisvarnanefndir annist undirbúning og framkvæmd skólamótanna í samvinnu við félagsstjórnina og áfengisvarnaráð.

3. Aðalfundur Félags áfengisvarnanefnda í Vestur-Húnavatnssýslu, haldinn að Hvammstanga hinn 19. ágúst 1961 skorar á áfengisvarnanefndir á félagssvæðinu að vera vel á verði um það að bægja allri óreglu frá samkomuhúsunum hver í sínu umdæmi.

4. Aðalfundur Félags áfengisvarnanefnda í Vestur-Húnavatnssýslu, haldinn að Hvammstanga hinn 19. ágúst 1961 skorar á ríkisstjórnina að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess

að auka verulega tollgæzlu, einkum
í sambandi við skipaferðir, á höfnum
víða úti á landi.

5. Aðalfundur Félags áfengisvarnanefnda
í Vestur-Húnavatnssýslu, haldinn að
Hvammstanga hinn 19. ágúst 1961, bendir
á, að starfsemi áfengisvarnaráðs fer
árlega vaxandi og telur að sú starf-
semi þurfi enn að eflast, einkum
sé þess mikil þörf, að áfengisvarna-
ráð geti haft í þjónustu sinni tvo
fastráðna erindreka, þar sem starfið
sé orðið ofvaxið einum manni.
Fyrir því skorar fundurinn á Alþingi
og ríkisstjórn að hækka svo fjárfram-
lag til áfengisvarna að þessu verði
hrundið í framkvæmd.

6. Aðalfundur Félags áfengisvarnanefnda
í Vestur-Húnavatnssýslu, haldinn að
Hvammstanga hinn 19. ágúst 1961,
lýsir ánægju sinni yfir vaxandi
áhuga, kvenfélaga og kvenfélaga-
sambanda á áfengisvörnum og
og þakkar mikilvægan og virkan

skuðning þeirra í þessum málum.
Jafnframt bendir fundurinn á, að áfengisvandamálið er og verður vafalaust enn um sinn alvarlegt þjóðfélagsvandamál, og að lausn þess er ef til vill mest komið undir afstöðu heimilanna í landinu, bæði í orði og verki, og því fyrst og fremst góðum áhrifum húsmæðranna.
7. Aðalfundur félags áfengisvarnanefnda í Vestur-Húnavatnssýslu, haldinn að Hvammstanga hinn 19. ágúst 1961, skorar á ríkisstjórnina að gera sem fyrst ráðstafanir til að sett verði heildarlöggjöf um afstöðu áfengisvarnalöggjöf hér á landi og bendir í því sambandi á hliðstæða löggjöf í Noregi, sem komið hefur að miklu gagni þar.
Þá tók til máls Pálmi Jónsson, erindreki, skýrði hann frá sínum afskiptum almennt og rökfestu um ýmis mál er áfengisvarnir varða.
Hann lýsti ánægju sinni yfir skólamóti því, er hér var haldið á

árinu, þá ræddi hann nokkuð
um ölframvarpið og leiddi sterk
rök varðandi skaðsemi ofdrykkju,
einnig ræddi hann um framkomnar
tillögur, á við og dreif.
Að loknu erindi erindrekans þakkaði
fundarstjóri hins ágæta erindi hans.
Voru þá áður framkomnar tillögur
bornar upp og samþykktar samhlj.
Á fundinum voru reikningar fél.
fyrir árið 1960 lagðir fram og
samþ. mótatkvæðalaust.
Niðurstöðutölur þeirra voru kr. 5.295.30
Þá fór fram kjör stjórnar og
endurskoðenda.

Stjórn:

Aðalmenn: Jóhanna Björnsson
Egill Ól. Guðmundsson
Jóhann Þ. Dan

Varamenn: Þóra Sigvaldadóttir
Ragnar Björns. Bakkast.
Björn Bergmann

Endurskoðendur:
Gísli H. Kolbeins og Hermann Stefánsson

Þá var fundargjörð upplesin og samþykkt. og fundi slitið.
Var fundarmönnum síðan boðið til kaffidrykkju hjá Sgl. Ól. Gudmundsen og konu hans Hansínu prestsdóttur.

Jóhannes E. Levy
(sign.)
Fundarritari.

Jóhannes Björnsson
(sign.)
Fundarstjóri.

# Reikningur

yfir tekjur og gjöld Fél. afengisv.m. V-Hún 1960

## Tekjur:

1. Pen. í sjóði frá fyrra ári    kr. 1.295.30
2. Kvikmyndasamlag frá Áfengisv.ráði fyrir árið 1960 — 1.000 –
3. Ríkisframlag afh. af P. Björns. 1/9 1960    — 3.000 –

kr. 5.295.30

## Gjöld

1. **Kostnaður við Mótamót:**
   a. Veitingar    kr. 1.125.00
   b. Smátt. og umbúðir.    — 183.50
   c. Ferðakostn. J. Björns —    150.00    kr. 1.458.50
2. **Kostnaður við Aðalfund 1960:**
   a. Ferðakostn. Jóh. Lang    kr. 250 –
   b. Veitingar    — 200 –
   c. Húslán    — 75 –    kr. 525.–
3. Peningar í sjóði til næsta árs    — 3.311.80

kr. 5.295.30

Hvammstanga, 26/3 1961.
Egill Guðmundsson
– Gjaldkeri –

Ár 1962, sunnudaginn 5. dag
ágústmánaðar var settur og haldinn
aðalfundur Félags áfengisvarnanefnda
í Vestur-Húnavatnssýslu að Hvammstanga.
Fundinn setti og stjórnaði: form.
félagsstjórnar Jóhannes Björnsson og
nefndi sem fundarritara Sr. G. Berg.
Bauð formaður alla fundarmenn
velkomna til fundarsetu og þá
sérstaklega Pétur Björnsson, erindreka
áfengisvarnaráðs, sem mættur var
á fundinum, lagði hann og fram
svofellda dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Fulltrúatal.
3. Skýrsla stjórnar og reikn. fél. 1961.
4. Lýst tillögum stjórnar.
5. Erindi erindrekans.
6. Tillögur afgreiddar.
7. Stjórnarkjör.
8. Önnur mál.

Reikk framanskráðra voru þessir
menn mættir til fundarsetu:
Sigurður Eiríksson, Hvammstanga,

Jón R. Jóhannesson, Háreksstöðum;
Egill Á. Guðmundsson, Hvammsgerði
og Björn Bergmann, Svarfhóli.
Þá flutti formaðurinn skýrslu
stjórnarinnar fyrir s.l. ár, gat
hann þess að starf hennar hefði
ekki orðið, svo sem vænta mátti,
þar sem skólamótið það, sem
áformað hefði verið fyrir á árinu
hefði fallið niður og olli því
m.a. veikindi í héraðinu á s.l.
vetri og vori.
Þar næst flutti gjaldkeri fél-
agsins reikninga þess, niðurstöðutölur
þeirra voru kr. 6.381.22, voru þeir
samþ. samhljóða.
Þá flutti stjórn félagsins eftir-
farandi tillögur, í 7 liðum:
1. Aðalfundurinn telur, að ört vaxandi
áfengisneyzla unglinga, pilta
og stúlkna, sé svo alvarlegt mál,
að sporna verði gegn þeim
háska með öllum tiltækilegum
ráðum.

Fyrir því ályktar fundurinn:

a. Að efla beri bindindisfræðslu í öllum skólum landsins að miklum mun og auka upplýsingastarfsemi um skaðsemi áfengis meðal barna og unglinga.

b. Til þess að vinna að þessum málum á skipulagsbundinn hátt og hafa eftirlit með því að ákvæðum reglugerða, sem sett kunna að verða þar að lútandi, verði framfylgt af fullri samviskusemi; sé skipaður sérstakur maður, námstjóri, og starfi hann undir stjórn Áfengisvarnaráðs í samvinnu við fræðslumálastjórnina, eftir því sem rétt þykir.

2. Fundurinn telur það fela í sér mikla hættu, að unglingum, jafnvel nýfermdum, sé leyfður aðgangur að opinberum dans- og skemmtisamkomum. Skorar fundurinn því á sýslunefndina að gera þá breytingu á lögreglusamþykkt

sýslunnar, að æskufólki innan 16 ára aldurs, sé óheimill aðgangur að dansleikjum, á sama hátt og reglugerðir bæjanna mæla fyrir um. Meðan það ákvæði er ekki sett í reglugerðina, beinir aðalfundurinn þeirri eindregnu ósk sinni til stjórna félagsheimila í sýslunni og annarra þeirra aðila, sem standa fyrir skemmtisamkomum í héraðinu, að setja um þetta ákveðnar reglur.
3. Aðalfundurinn beinir til áfengisvarnanefnda á félagssvæðinu, kvenfélaga, ungmennafélaga, slysavarnadeilda og íþróttafélaga, að beita sér, eins og kostur er á, fyrir auknum bindindisstarfsemi í héraðinu og hver á sínum stað.
4. Aðalfundurinn skorar á dómsmálaráðuneytið að gera ráðstafanir til þess, að komið verði á vegabréfaskyldu hið allra fyrsta. Bendir fundurinn á, að hagkvæmt

Heyrnin að vera að ganga þannig til verks, að t. d. fullnaðarprófsbörn fengju skírteini ótvíræðum. Bera þeim síðan að varðveita það framvegis, en fá það endurnýjað á ári til síns forsjár.

5. Aðalfundurinn lítur svo á, að hinar svonefndu "sjoppur", sem mjög hafa breiðst út í bæjum, hafi á margvíslegan hátt mjög varhugaverð áhrif á unglingana, en þessi tegund verzlana færist nú ört fluga einnig út um kauptún og sveitir.
Skorar fundurinn því á hlutaðeigandi ráðamenn, og yfirvöld að spyrna hér við fótum og takmarka mjög starfsleyfi, eða banna með öllu þetta fyrirbæri í þjóðfélaginu.

6. Aðalfundurinn lítur svo á, að efla þurfi sem mest störf á vegum Áfengisvarnaráðs, því að fræðimikil áfengisvarnir eru líklegastar til að veita viðnám gegn vaxandi

áfengisbölsi. Fyrir því skorar
fundurinn á ríkisstjórn og Alþingi
að veita Áfengisvarnaráði ríflegt
fjármagn til starfsemi sinnar.
7. Aðalfundurinn telur óviðunandi
það ástand, að ekki sé höfð
tollgæzla í sambandi við skipa-
komur til Hvammstanga, þar
sem vissa er fyrir því að áfengi
og tóbak hefur verið selt úr
skipunum þar, og gerir því kröfu
um að framvegis verði höfð örugg
tollgæzla og strangara eftirlit
með að áfengislöggjöfin sé ekki brotin
Þá flutti Pétur Björnsson. einnig
mjög fróðlegt erindi. og ýtarlegt
um áfengismálin og stórst. v. o. v.
formaður þakkaði Pétri hans góða
erindi, og urðu engar umræður um það.
Voru tillögur stjórnarinnar síðan
upplesnar og samþ. með sam-
hljóða atkvæðum.
Stjórnarkjör fór síðan fram.
en áður hafði farið fram[illegible]

er Sjóm. félaginu mælzt eindreg-
ið undan endurkjöri. Kosnir
voru þessir til eins árs:
Aðalmenn: Sig. Eiríkss. bifreiðarstj.
Björn Bergmannsson bóndi Svarðbæli
Guðmundur Guðmundss. bóndi Dalsá
Varamenn: Gísli Þ. Kolbeins prestur Melstað
Elísabet Ólafsd. frú Ósi
Bragi Sigurðss. bóndi N-Vatnshorni.
Endurskoðendur: Egill Ól. Guðmundss. og Jóh. E. Levy.
Þakkarorð til fengstjórnarmanna fluttu frá-
farandi form. Jóh. Björnss. Þakkaði hann
félögum sínum og stjórnendum ánægju-
legt og gott samstarf og þá sérstak-
lega Pétri Björnssyni ógleymanlegar
samverustundir. Hvatti hann til áframhaldandi
starfs sem leita megni til góðs fyrir
land og lýð.
Var síðan að venju þegið rausnar-
legt kaffiboð þeirra hjóna Hansínu
Þorsteinsdóttur og Egils Ól. Guðmundssonar.
Fleira ekki gjört. Fundargjörð upp-
lesin og samþykkt. Fundi slitið.

Jóhannes E. Levy. (sign.) fundarritari.

Jóhannes Björnsson (sign.) fundarstjóri.

# Reikningur
## yfir Tekjur og gjöld Fél. áfengisv. n. V.-Hún 1961

| | Kr. | aur |
|---|---|---|
| **Tekjur:** | | |
| 1. Í sjóði frá f. ári | 3311 | 80 |
| 2. Framlag frá Áfengisvarnaráði | 3000 | 00 |
| 3. Vextir í ~~sjóð~~ sparisjóð V.H. | 69 | 42 |
| Samtals kr | 6381 | 22 |
| **Gjöld** | | |
| 1. Kostnaður við skálamót | 1440 | 00 |
| a. Veitingar | | |
| b. Bílkostnaður | 3360 | 00 |
| 2. Kostnaður vegna aðalfundar | 120 | 00 |
| 3. Ferðakostnaður Guðm. Axelssonar | 130 | 00 |
| 4. Símkostnaður | 172 | 00 |
| Samtals kr | 3882 | 00 |
| **Til næsta árs** | | |
| 1 Í sparisjóði V.-Hún. | 136 | 92 |
| 2 Í sjóði hjá gjaldkera | 2362 | 30 |
| Samtals kr | 6[illegible] | 22 |

Hvammstanga 4/2 1962

Egill Al. Guðmundsson

# Fundargerð.

Hinn 9 ágúst 1963 hafði verið boðað til aðalfundar Félags áfengisvarnarnefnda í V.- Hún. að Hvammstanga.
Til fundarins var boðað með stuttum fyrirvara, og svo hafði brugðið til betra veðurs eftir langvarandi óþurrkatíð, og voru því annir miklar almennt.
Á fundinum mættu því aðeins fulltrúar þriggja hreppa - stjórn félagsins og erindreki áfengisvarnaráðs. Pjetur Björnsson.
Fyrir fundinum lá skýrsla stjórnar og endurskoðaðir reikningar félagsins. Þá ákvað stjórnin að hafa síðar á sumrinu framhalds aðalfund, þar sem gengið yrði frá stjórnarkjöri, og lagði fram eftirfarandi tillögur sínar til athugunar og yrði gengið gengið frá þeim og öðrum málum, er fram kynnu að koma á framhaldsfundinum.

1. Aðalfundurinn skorar á opinbera aðila veita ekki áfengi í veislum eða

samkvæmum, sem ríki eða bæjarfélög efna til.

2. Aðalfundurinn telur brýna nauðsyn til bera, að auka tollgæslu víða um land frá því sem nú er.

3. Aðalfundurinn skorar á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að eftirlit verði eflt á vegum úti, einkum að því leyti, er varðar áfengismál. Ennfremur verði eftirlit með samkomuhúsum og félagsheimilum, er reka margskonar skemtanir eflt mjög.

4 Aðalfundurinn skorar á ríkisstjórnina að koma sem fyrst á almennri vegabréfaskyldu bæði vegna áfengiskaupa (s.br. V. kafla 16 gr.) og vegna þátttöku unglinga í almennum skemtisamkomum (s.br. reglugerðir bæja og lögreglusamþykktir sýslna um þau mál.)

5 Aðalfundurinn beinir því til rjettra aðila, að takmarka sem mest tölu hinna svonefndu „sjoppa“ og daglegan sölutíma, enda hafi þar varhugaverð

áhrif á börn og unglinga í margs konar tilliti.

6. Aðalfundurinn skorar á ríkisstjórnina og önnur yfirvöld, sem hlut eiga að máli, að herða eftirlit með sendalögum og framferði ungs fólks, er oftsinnis hefur valdið stórvandræðum, og kosta kapps um að koma í veg fyrir, að atburðir eins og gerðust í Þjórsárdal um síðustu hvítasunnuhelgi og víða hafa ~~gerst~~ gerst undanfarin ár, endurtakist.

7. Bendir aðalfundurinn á, að nauðsynlegt er og sjálfsagt, að hópferðaryfirvinda höfum sé skylt að sjá um, að ábyrgur fararstjóri sé í hverri hópferð.

7. Aðalfundurinn skorar á ríkisstjórn og alþingi að veita Áfengisvarnaráði ríflegt framlag á fjárlögum, til þess ~~að~~ það geti

(a) að hafa eftirlit með því að ákvæðum laga og reglugerða um bindindisfræðslu í skólum verði framfylgt, og hlutlaus fræðsla um skaðsemi áfengis og tóbaks verði aukin almennt, en einkum meðal æskunnar.

b.) efla sem mest bindindisstarfsemina í landinu og standa að auknum áfengisvörnum á ýmsum sviðum og með ýmsum hætti.
Æskilegt var talið að halda fundinn að vidiklit þegar tækifæri gæfist.
Þá ræddi erindsrekinn ýmsar fréttir af áfengisvarna og áfengis vandamálum.
Ákveðið var að fjölrita fundargerð þessa og senda hana öllum formönnum áfengisvarnanefnda í sýslunni og hvetja þá til að mæta á framhaldsfundinum, ásamt meðnefndarmönnum sínum.
Fleira var ekki gert.

Gunnþór Guðmundsson
(fundarritari.)

Ár 1963. miðvikudaginn 11 september. var settur og haldinn framhalds aðalfundur félags áfengisvarnanefndar V.-Hún. að Víðihlíð.

Fundinn setti og stjórnaði formaður félagsstjórnar Sigurður Eiríksson, Hvammstanga. Fundarritari var Jóhannes E. Levi.

Fyrir var tekið:

I Gjaldkeri las upp og skýrði reikninga félagsins fyrir árið 1962. Niðurstöðu tölur þeirra er kr. 5.499.32 au. Samþ. samhljóða.

II Formaður gat starfs stjórnar s. l. árs, gat hann þess, að því miður hefði ekki getað orðið af skólamóti í sýslunni; sem hefði stafað af faraldri er gengið hefði í héraðinu.

III Þá tók til máls ~~H~~ Pétur Björnsson erindisreki: Ræddi hann á all breiðum grundvelli um áfengisbölið orsakir þess, og hvað skyldi til varnar því. Taldi hann nauðsyn bera til að láta koma til framkvæmda

vegabréf og bann unglinga innan 16 ára aldurs að sækja almennar skemtisamkomur koma til framkvæmda. Nokkrar umræður urðu um þessi mál.

IV. Svohljóðandi tillögur voru fram-bornar í 8 liðum

1. Aðalfundurinn skorar á opinbera aðila að veita ekki áfengi í veislum eð samkomum, sem ríki eða bæjarfélög efna til.
2. Aðalfundurinn telur brýna nauðsyn til þess, að auka tollgæslu víða um land frá því sem nú er, og þá sérstaklega á höfnum við Húnaflóa, þar sem kunnugt er, og sannanlegt að þar er tollgæzla mjög ábótavant og sumstaðar engin.
3. Aðalfundurinn skorar á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að eftir verði eftirlit á vegum úti, einkum að því leiti, er varðar

áfengismál. Ennfremur verði eftirlit með samkomuhúsum og félagsheimilum, er reka margskonar skemtanir eflt mjög.

4. Aðalfundurinn skorar á ríkisstjórnina að koma sem fyrst á almennri vegabréfaskyldu bæði vegna áfengiskaupa. (sbr. V. kafla. 16 gr.) og vegna þátttöku unglinga í almennum skemtisamkomum (sbr. reglugerðir bæja og lögreglusamþ. sýslna um þau mál.

5. Aðalfundurinn beinir því til réttra aðila, að takmarka sem tölu hinna svonefndu "sjoppa" og daglegan sölutíma, enda hafi þær varhugavert áhrif á börn og unglinga í margskonar tilliti.

6. Aðalfundurinn skorar á ríkisstjórnina og önnur yfirvöld, sem hlut eiga að máli, að herða eftirlit með ferðalögum fólks, er oftsinnis hefur valdið stórvandræðum, og kosta kapps um að koma í veg fyrir, að atburðir eins

og gerðust í Þjórsárdal um síðustu hvítasunnuhelgi og víða hafa gerst undanfarin ár, endurtakist.
Bendir aðalfundurinn á, að nauðsynlegt er og sjálfsagt, að hópferðarétthöfum sé skylt að sjá um, að ábyrgur fararstjóri sé í hverri hópferð.

7. Aðalfundurinn skorar á ríkisstjórn og alþingi að veita Áfengisvarnaráði ríflegt framlag á fjárlögum, til þess að það geti:

a). ráðið erindreka til þess að hafa eftirlit með því að ákvæðum laga og reglugerða um bindindisfræðslu í skólum verði framfylgt, og hlutlaus fræðsla um skaðsemi áfengis og tóbaks verði aukin almennt, en einkum meðal æskunnar.

b). eflt sem mest bindindisstarfsemina í landinu og stuðlað að auknum áfengisvörnum á ýmsum sviðum, og með ýmsum hætti.

8. Fundur áfengisvarnanefnda í Vestur-Húnavatnssýslu haldinn að Víðihlíð 11 september 1963, felur stjórn félagsins að beina þeirri ósk til sýslumannsins, að hann sjái um að samræmdar verði reglur um skemmtanahald í samkomuhúsum sýslunnar.
Framanritaðar tillögur voru samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

V. Fundurinn skorar á stjórn félagsins að beita sér fyrir skólamóti eða skólamótum á komandi vetri.
Samþ. samhljóða.

VI. Kosningar;
1. Stjórn félagsins. Aðalmenn.
Sigurður Eiríksson Hvammstanga
Björn G. Bergmann Svarðbæli.
Gunnþór Guðmundsson Dalbrún.
2. Varastjórn: sr. Gísli H Kolbeins
Jóhannes Björnsson Reinhólum
Jóhannes E. Levi Hrísakoti.
3. Endurskoðandi Óli Egill Guðmundsson
Hvammstanga

Jóhannes E. Levi Hrisarkoti.
Þá tók til máls formaður
félagsins, þakkaði hann Pétri
Björnssyni komuna og hans
mikla starf er hann hefir
lagt áfengisvarnamálunum hér í
sýslu.
Fleyra ekki fyrir tekið.
Fundargjörð upplesin og
samþykkt.

Sigurður Eiríksson (fundarstjóri)

Jóhannes Levi (ritari.)

# Reikningur

yfir Tekjur og gjöld Félagsáfengisvarnanefnda í V-Hún. 1962.

| | Kr. | aurar |
|---|---|---|
| Tekjur: | | |
| 1. Í sjóði frá f. ári | 2499 | 22 |
| 2. Framl. frá áfengisvarnaráði 1962 | 3000 | 00 |
| 3. Vextir í sparisjóði V.-Hún. bók 2397. ekki færði en um áramót | | |
| Samtals Kr | 5499 | 22 |
| Gjöld: | | |
| Kostnaður vegna aðalfundar húsaleiga | 100 | 00 |
| Til næsta árs: | | |
| Í sparisjóði V.-Hún. bók nr. 2397. | 5399 | 22 |
| Samtals Kr. | 5499 | 22 |

Endurskoðað

Jóhannes E Levi.

Egill Ól. Guðmundsson

Rétt afrit staðfestir.

Svarðbæli 1 des. 1963.

Björn G. Bergmann

Fimmtudaginn 25. júní 1964 var aðalfundur félags áfengisvarnanefnda í V-Húnavatnssýslu settur og haldinn að Hvammstanga.
Til fundarins hafði verið boðað með stuttum fyrirvara og ekki náðst til formanns áfengisvarnarnefndarinnar í Staðarhreppi Ólafs Kristjánssonar skólastjóra, vegna fjarveru hans úr sýslunni.
Á fundinum voru mættir áfengisvarnanefndarmenn úr fjórum hreppum, auk erindreka Áfengisvarnarráðs, sem mættur var.
Fundinn setti formaður félagsins, Sigurður Einarsson á Hvammstanga og tilnefndi sem fundarritara Jóhannes E. Levy bónda í Hrísakoti.
Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundarmannatal
2. Skýrsla stjórnar og fjármál
3. Úr heimabyggðum
4. Erindi: Pétur Björnsson
5. Tillögur
6. Stjórnarkjör.

Í skýrslu stjórnarinnar kom fram, að nokkur

gangskör hafði verið gerð að því að fá aukið hafnarskilyrði með skipunum, sem til Hvammstanga koma og virtist það hafa borið nokkurn árangur.
Skólamót var haldið og tóku þátt í því fimm skólahverfi. Var almenn ánægja með það og almennt að gera skólamót að föstum lið í starfi félags áfengisvarnanefnda í V-Húnavatnssýslu.
Löggæslumálin hafa verið endurbætt. Nú er starfandi löggæslumaður fyrir báðar sýslurnar og þrír löggæslumenn.
Nú nýskeð komst upp um brugg á Hvammstanga og mun það nú upprætt.
Í sjóði voru um áramótin 7.876.oo kr., en fór að mestu í kostnað við skólamótið.
Framlag Áfengisvarnaráðs fyrir yfirstandandi ár var greitt á fundinum.
Skýrslan og reikningarnir samþykktir.
Þá flutti erindsrekinn fréttir af störfum Áfengisvarnaráðs og frá þeim málum á Alþingi, er snertu áfengismálin.
Á eftir voru almennar umræður.

Því næst lagði formaður fram eftirfarandi tillögur:

1. Aðalfundur Félags áfengisvarnanefnda í V-Húnavatnssýslu telur að veita þurfi á fjárlögunum miklu meira fé til eflingar áfengisvarna og bindindisstarfs. Þá leggur fundurinn áherslu á að samþykktir frá síðasta aðalfundi komi til framkvæmda svo sem um almenna vegabréfaskyldu.
2. Aðalfundur Félags áfengisvarnanefnda í V-Húnavatnssýslu lýsir sig eindregið mótmæltan tilslökun á áfengislögunum svo sem fram kom á síðasta Alþingi um lækkun aldurs þeirra, er neyta mega áfengis og kaupa það. Hitt telur fundurinn sjálfsagt að hafa hendur í hári þeirra, er selja unglingunum undir lögaldri vín og setja þeim harðar sektir fyrir þau alvarlegu brot.
3. Aðalfundur Félags áfengisvarnanefnda í V-Húnavatnssýslu telur að auka þurfi mjög eftirlit með ölvun við akstur og dómar verði uppkveðnir í þeim mál-

um svo fljótt sem kostur er á þegar konur hafa borizt. Ófrjó orðasönd vilja nú í þessum efnum, því sem sömu menn sem telja dag eftir dag fyrir meint afbrot, en halda sínum ómenningardómi, því til sömu fellur, stundum eftir langan tíma.

Stjórnarkjör:

Í aðalstjórn voru þessir kosnir:
Ólafur H. Kristjánsson, skólastj. Rsk.
Gunnþór Guðmundsson, bóndi Dæli
Ragnar Benediktsson, bóndi Barkarstöðum
Í varastjórn voru þessir kosnir
Elísabet Ólafsdóttir, Hvammstanga
Jóhannes Björnsson, skólastj. Ásbyrgi
Jóhannes Levy, bóndi Hrísakoti.
Endurskoðendur kjörnir:
sr. Gísli Kolbeins, Melstað Jóhannes Levy, bóndi Hrísakoti
Gunnþóri Guðmundssyni var falið að kalla hina nýju stjórn saman. Þá var fundarfrarandi stjórn þökkuð störf og nýjir menn boðnir

velkomnir til verka. Fundargjörðin upp-
lesin, samþykkt, og fundi slitið.

Fundur stjórnar Áfengisvarnan. V. Hún.

Sunnud. 31. jan. 1965 var stjórn Áfengisvarnan. V-Húnavatnssýslu samankomin að Reykjaskóla. Hrútafirði:

Til umræðu var tekið:

1. Skólamót. Rætt um möguleika á að hafa ~~skóla~~mót fyrir skólabörn í héraðinu. Samþ. var að hafa skólamót annaðhvort í Víðihlíð eða á Reykjaskóla, seint í febr. eða snemma í marz. Fermingarbörn viðkomandi skólahverfa verði látin vita með nægum fyrirvara, svo að þau geti undirbúið þau skemmtiatriði, sem flutt verða.
Erindrekinn, Pétur Björnsson verði fenginn til að koma, sýndar verði kvikmyndir og skuggamyndir og flutt sitt hvort stutt erindi. Reynt verði að skipuleggja ferðir á sem hentugastan hátt. Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Óli H. Kristjánsson
ritari

## Fundargerð.

Árið 1965, sunnud. 29. ágúst var settur og haldinn aðalfundur (félags) Áfengisvarnanefndar V-Húnavatnssýslu.
Mættir voru áfengisvarnanefndarmenn úr öllum hreppum sýslunnar auk erindreka Áfengisvarnaráðs, Péturs Björnssonar.
Form. Gunnþór Guðmundsson setti fundinn og kvaddi til fundarstjóra Ól. H. Kristjánsson.
Form. gerði grein fyrir störfum fél. á s.l. ári. Félagið hafði ekkert skólamót á s.l. vetri vegna inflúensufaraldurs sem gekk um það leyti er mótið skyldi haldið.

X. Þá gerði gjaldkeri, Ragnar Benediktss. grein fyrir fjárhátum félagsins og las upp reikn. þess. Voru þeir samþ. athugas.l.

Pétur Björnsson erindreki tók næstur til máls, skilaði kveðju til fundarins, frá Áfengisvarnaráði og gerði grein fyrir störfum áfengisvarnanefnda og (Brynl. Bergm.) Áfengisvarnaráðs. Hafði hann verið framk. til Áfengisvarnaráðs og störfum meðan til Sigurðar Gunnarssonar erindreka, .

kennari við Kennaraskóla Íslands. Starfaði hann jafnframt á vegum Stórstúkunnar og Bindindisfél. ökumanna. Nýjar kvikmyndir hafa verið fengnar og munu þær lánaðar til áfengisvarnanefnda.

Umræður urðu nokkrar, en að þeim loknum komu fram svohlj. till.

1. Aðalfundur félags áfengisvarnan. í V.-Húnavatnssýslu haldinn að Hvammstanga 29. ág. 1965 endurtekur till. sínar frá fyrri aðalfundum:
   Um aukið eftirl. með akstri ölvaðra manna
   Um aukna löggæzlu
   Um að leita þeirra manna er selja eða veita unglingum áfengi.

2. Ennfremur ályktar fundurinn að æskulýðsfélög útiloki með öllu áfengisneyzlu frá samkomum sínum og að inn í (barnaverndarreglugerð) [lög um barnavernd] verði fellt fyrirmæli um, að banna ungl. innan 16 ára aldurs aðgang að dansleikjum

dansleikjum.
Þá telur fundurinn æskilegt að ríkisskyldan til U.M.F.Í. verði hækkaður til þess að auðveldara verði að byggja upp heilbrigðar skemmtanir og æskulýðsstarf, þess sem á vegum þeirra. Einnig að fundum verði grundvöllur fyrir heilbrigðu sveitar félagsheimila, svo að ekki komi þar til áfengisneyslu, eins og sums staðar mun eiga sér stað.

3. Fundurinn telur að létta beri að senda áfengi í pósti og að rétt sé gengið eftir því að áfengisverslanir selji ekki vín til þeirra, er ekki hafa rétt til slíkra kaupa.

4. Fundurinn þakkar fjármálaráðherra fyrir að láta loka áfengisútsölum fyrirvaralaust fyrir þjóðhátíðina 17. júní s.l.

5. Fundurinn harmar það, að ekki náðu fram að ganga á síðasta Alþ. þingsályktunartill. um bann ~~á síðasta Alþingi~~ gegn tóbaksauglýsingum.

6. Fundurinn ályktar að hækka beri fjár-
framlag til áfengisvarnaráðs, svo að
hægt verði að vinna meira að bindind-
isfræðslu og eflingu bindindisstarfseminnar.
Samþ. einróma.

Þá fór fram stjórnarkjör. Kosnir voru:
Gunnþór Guðmundsson, Dæli með 6 atkv.
Ól. H. Kristjánsson, Reykjaskóla - 6 -
Ragnar Benediktsson, Barkarst. - 4 -
Varastjórn var kosin:
Elísabet Ólafsdóttir, Hvammstanga
Jóhannes Björnsson, Ásbergi
Jóhannes Levy, Hrísakoti
Endurskoðendur voru kosnir:
Sr. Gísli Kolbeins, Melstað og
Böðvar Sigvaldason, Barði.

Samb. reikn. fél. var leiðréttur um
sl. áramót kr. 4.096.88. Framl. Áfengisvarnaráðs fyrir s. l. var greitt á fundinum
kr. 4.500. -
Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð
upplesin og samþ. Fundi slitið.
Ól. H. Kristjánsson Gunnþór Guðmundsson
fundarritari formaður

Guðmundur Axelsson   Jóh. Björnsson
Ragnar Benediktsson   Egill Ol. Guðmundss.
Böðvar Sigvaldason   Hermann Sigurðsson

Fundur stjórnar Áfengisvarnanefnda V.-Hún.

Mánud. 14. febr. 1966 var stjórn Áfengisvarnanefnda V.-Húnavatnssýslu mætt að Dalí í Víðidal. Til umræðu var tekið:

1. Skólamót. Rætt var um að hafa mót fyrir skólabörn í héraðinu um miðjan marz. Skyldi það haldið á Hvammstanga, ef hentugt þætti. Um tilhögun mótsins var þetta helzt rætt: Hennar viðkomandi skóla hverfa verði látnir vita með nægum fyrirvara og málið til að þeir undirbúi skemmtiatriði, er börnin flytji á mótinu. Reynt verði að efna til ritgerðasamkeppni og verðlaun veitt. Verðlaunaritgerðirnar verði fluttar á mótinu.
Pétur Björnsson erindreki verði fenginn til að koma og sýna kvikmyndir og skuggamyndir. Varðandi ferðakostnað þátttakenda á mótið, sér stjórnin sér ekki fært að hann verði greiddur af því fé, sem

hún hefur til umráða.
2. Rætt var um að óska eftir að fjárframlag frá Áfengisvarnaráði verði ekki minna en 6000.- kr. á þessu ári.
Fleira ekki bókað fyrir. Fundi slitið.

Ólafur H. Kristjánsson
fundarritari.

Gunnsteinn Guðmundsson
fundarstjóri

Ragnar Benediktsson

# Aðalfundur.

Árið 1966, laugard. 10. sept. var settur og haldinn aðalfundur Félags áfengisvarnanefnda í V-Húnavatnssýslu í Þinghúsinu á Hvammstanga.

Mættir voru fulltrúar úr 6 hreppum sýslunnar auk Péturs Björnssonar erindreka.

Form. félagsins, Gunnar frá Grundum setti fundinn og nefndi til fundarritara Ólaf H. Kristjánsson.

I. Skýrsla stjórnar.

Form. gerði grein fyrir störfum fél. á yfirstandandi ári. Gat hann þess að ekki hefði verið hægt að koma á skólamóti.

II. Pétur Björnsson erindreki flutti kveðju frá áfengisvarnaráðunaut og gerði grein fyrir störfum Áfengisvarnaráðs. Sýndi m.a. frá ágætum störfum Sig. Gunnarssonar, er ferðast hefði víða um land og heimsótt fjölda skóla. Þá ræddi erind-

reksins um starfsemi áfengisvarnanefnda almennt, ástand í bindindismálum, löggæzlu o. fl.
Að lokum sýndi Pétur Björnsson endurskoðaða reikninga félagsins. Samkv. þeim er hrein eign félagsins kr. 8141.79. Reikn. samþ. í e. hlj.
XX Umræður um erindi Péturs Björnssonar hófust svo og tóku til máls:
Gunnþór Guðmundsson, Jóhannes Sevó, Ragnar Benediktsson, Pétur Björnsson, sr. Gísli Kolbeins Helgi Benediktsson Ólafur H. Kristjánsson

Svohlj. till. komu fram og voru samþ. í e. hlj.
„ Aðalf. félags áfengisvarnan. í V. Húnavatnss. telur að aukin bindindisfræðsla í skólum og bindindis~~fræðsla~~ starfsemi sé mjög mikilvæg og til þess framkvæmda þarf meira starf og aukna fjárveitingu til áfengisvarnaráðs.
Aðalfundurinn telur að herða þurfi viðurlög við að aka bifreið undir áhrifum áfengis og þyngja að verulegu þess valdandi að unglingar neyti áfengis.

Aukin séu afskifti af skemmtun-unum og bindindisstarfi unglinga og hvort tveggja styrkt svo sem hægt er og danskennsla verði framkvæmd í skólunum.
Ríkisútvarpið verði notað meira en áður til áróðurs gegn áfengisneyzlu og siðspillingu og þá sérstaklega þegar íslenzkt sjónvarp tekur til starfa."

III. Stjórnarkjör:
Kosnir voru:
Ól. H. Kristjánsson með 5 atkv.
Gunnþór Guðmundsson - 4 —
dr. Gísli Kolbeins - 3 —
Varastjórn:
Hulda Jakobsdóttir
Jóhannes Levy
Helgi Benediktsson
Endurskoðendur:
Böðvar Sigvaldason
Haukur Þorvaldsson.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþ. Fundi slitið.

Ól. H. Kristjánsson Gunnþór Guðmundsson
[illegible]

Ragnar Benediktsson  Gísli Sl. Kolbeins
Jóhannes E. Levy  Helgi G. Benediktsson
Hlíf Kristín Jakobsdóttir  Hjalti Guðmundsson.
Guðmundur Axelsson

Fundur stjórnar Áfengisvarnanefnda V.-Hún.

Miðvikud. 25. jan. 1967. var stjórn Áfengisvarnanefnda V.-Húnavatnssýslu mætt að Melstað.

Tekið var fyrir:

1. Stjórnin skipti með sér verkum sem hér segir: Gunnþór Guðmundsson, Dæli, formaður, sr. Gísli Kolbeins, Melstað, gjaldkeri, Ólafur H. Kristjánsson, Reykjaskóla, ritari,
2. Stjórnin yfirfór skrá að sölu fyrir árið 1966.
3. Rætt um skólamót. Samþ. var að fara þess á leit við erindreka Áfengisvarnaráðs að hann heimsækti barnaskólana í héraðinu um mánaðamótin febr.-marz og héldi skólamót á allt að fjórum stöðum. Undanfarin ár hefur það sýnt sig að örðugt er að koma á allsherjar móti fyrir héraðið vegna erfiðra samgangna. Telur stjórnin því rétt að reyna þá leið, er að framan greinir.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Ólafur H. Kristjánsson
fundarritari

Gunnþór Guðmundsson

Gísli H. Kolbeins

# Aðalfundur.

Ár 1967, sunnudaginn 27. ágúst var aðal-
fundur félags áfengisvarnanefnda V-Húnavatnssýslu
haldinn í félagsheimilinu Ásbyrgi.
Mættir voru fulltrúar úr flestum hreppum
sýslunnar auk Péturs Björnssonar erindreka.
Form. félagsins, Gunnþór Guðmundsson setti
fundinn og nefndi hann til fundarstjóra
Ólaf H. Kristjánsson.

Tekið var fyrir:

I. Skýrsla stjórnar.

a) formaður gerði grein fyrir störfum frá
s.l. aðalfundi. Ekkert skólamót var haldið
en í þess stað skólaheimsóknir af erind-
reka, Pétri Björnssyni er sýndi kvikmyndir
og flutti erindi. Efnt var til ritgerða-
samkeppni með ágætum árangri.

b). Gjaldkeri, sr. Gísli H. Kolbeins las reikninga
félagsins og skýrði þá. Samkv. þeim er
tekjuafg. félagsins kr. 10.672,34. Reikn. samþ. einr.

II. Pétur Björnsson erindreki ~~flutti~~ ræddi um samstarfið á
s.l. ári og lét í ljósi ánægju yfir samkomum,
er haldnar voru í skólahúsum sýslunnar.

skilaði erindrekinn kveðju frá áfengisvarnar-ráði og gaf grein fyrir störfum ráðsins. Þá las hann útdrátt úr skýrslum áfengis-varnanefnda og ræddi um ástand í bindindis-málum almennt. Einnig gat erindrekinn um það, að út frá samtali við Guðm. Jónsson í Ási hefði sér hugkvæmst að afla upplýsinga um bindindisstarfsemi bindindisfélaga og skóla í Rangárvallasýslu. Hefði hann lagt í þetta allmikla vinnu, og orðið ~~vel~~ nokkuð ágengt. Hefði hann látið vél-rita í fjórum eintökum drög að sögu bindindisstarfseminnar í þessum sýslum. Las hann margt athyglisvert og skemmtilegt úr þessum gögnum. Á fundinum afhenti erindrekinn fram-lag áfengisvarnarráðs fyrir árið 1967, kr. 4600.

Svohljóðandi till. kom fram frá sr. Gísla H. Kolbeins:

Fundurinn samþykkir að fela stjórninni að gera athuganir á hvort tiltækt sé að auka bindindisfræðslu í héraðinu með verðlaunasamkeppni.

Till. samþ. með shlj. atkv.

Fundurinn ~~samþ.~~ telur nauðsynlegt að toll- og löggæzla sé aukin svo víða hér á landi. Till. samþ. með shlj. atkv.

Þá kom fram svohlj. till.

Fundurinn lýsir ánægju sinni yfir því, að frv. um bruggun áfengs öls var fellt á síðasta Alþingi og væntir þess að hið nýkjörna Alþingi samþ. ekki bruggun áfengs öls. Till. sþ. shlj.

III. Stjórnarkjör.

Kosningu hlutu:

Gunnar Þór Guðmundsson
Gísli H. Kolbeins
Ólafur Egill Guðmundsson.

Varastjórn:

Hilda Jakobsdóttir
Jóhannes Levy
Helgi Benediktsson

Endurskoðendur:

Bárður Sigvaldason
Haukur Ásvaldsson

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarg. upplesin og samþ.

Fundi slitið

Gunnþór Guðmundsson
~~formaður~~stjóri
Egill Ól Guðmundsson
Guðmundur Axelsson

Ólafur Kristgeirsson
gjaldkeri
Böðvar Sigvaldason
Gísli H. Kolbeins

Fundargerð stjórnar Áfengisvarnarnefnd V-Hún
Fimmtud 21/4 '68 var stjórn Áfengisvarnarnefnd V-Húnavatnssýslu mætt að Melstað
Tekið var fyrir.
1 Stjórn skifti með sjer verkum sem hjer segir
Gunnþór Guðmundss Dæli form
Sr Gísli Kolbeins Melstað gjaldkeri
Egill Ól Guðmundss Hvoí ritari
2 Stjórnin kinti sjer reikninga ~~yfir~~ fyrir árið 1967 sem gjalkeri lagði framm endurskoðað.
3 Stjórnin ákvað að taka saman ~~störf~~ yfirlit yfir störf áfengisvarnarnefnda í V-Húnavatnssýslu á liðnum 10 árum og koma því áframfæri í Einingunni ásamt einni verðl. ritgerð frá skólabörnum frá síðastliðnum vetri. Einnig var samþikt að efna til ritgerðar samkeppni í

öllum bekkjum í Reykjaskóla og veita verðlaun fyrir öll ritgerð.
Ritgerðirnar verðaun eftirtalin efni
1 bekkur. Höttur og ókostir tóbaks-nautnar.
2 bekkur. Áfengisneusla orsakar ógæfu
3 bekkur Hvaða leiðir telur þú líklegar til að draga úr áfengisneuslu.

3 Ennfremur var ákveðið að athuga um að halda skólamót með svipuðum hætti og verið hefur ef ástæður leyfa.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Egill Ól. Guðmundsson (ritari)

Gunnþór Guðmundsson (formaður)

Gísli Kolbeins gjaldk.

Fundargerð

Stjórn Fjelags áfengisnefnda V-Hún
kom saman að Dæli mánud, 22 apríl '68
til þess að lesa og dæma, ritgerðir úr
samkeppni sem efnt var til, í Reykja-
skóla á síðastliðnum vetri.
Stjórnin var sammála um að veita eftirtöldum
ritgerðum verðlaun. þær bestvör við eftirtöldu efni
I bek. Hættur og ókostir tóbaks nautnar
I verðl. A-4 Friðrik Jóhannsson
II verðl. A-2 Guðný Þorsteinsd
III verðl A-8 Jón Aðalsteinsson
2, bek Áfengisneydsla orsakar ógæfu.
I. verðl B-4 Ólafur Ingimundars
II verðl B-1 Sigurður R Þórarenss
III verðl B-8 Kristín Benediktsd
3, bek Hvaða leiðir telur þú líklegastar til
að draga úr áfengis neyðslu?
I. verðl nr-16 Árni Ragnarsson
II - IIII verðl
nr-9 Heiðar Skúlason
nr-27 Jón G Björnsson
nr-1 Bryndís Eiríksdóttir
Samþykkt var að veita bækur í verðlaun, láta skrautrita
á þær og afhenda verlaunahöfum við skólaslit. (Hann ekki rat

# Aðalfundur

Fjelags áfengisvarnarnefnda V-Hún haldinn að ~~Lauga~~ Félagsheimilinu Laugarbakka laugard 26/10 1968
Mættir voru fulltrúar úr öllum hreppum sýslunnar auk erindreka Björns Stefánssonar. Fundinn setti Gunnþór Guðmundsson og ~~setti~~ og bauð gesti velkomna á fundinn og sjerstaklega erindreka Björn Stefánss. Þá greindi hann í stuttu máli frá störfum stjórnarinnar á liðnu ári.
Að því loknu las gjaldkeri, sjera Gísli Kolbeins, reikninga fjelagsins og voru þeir samþykktir athugasemdalaust
Þá tók til máls Björn Stefánss. erindreki ræddi um bindindismál á víð og dreif lagði hann ríka áherslu á að efla bindindi en einangra sig þó ekki, þannig að mæla aðstöðu þá sem utan bindindis standa, og nefndi því til sönnunar nokkur dæmi af mönnum sem reynst hafa vel við útrýmingu áfengis á t.d. samkomustöðum, sem ekki voru þó bindindismenn.

Einnig flutti hann kveðju frá Pjetri Björnssyni og Kristni Stefánssyni til nefndarmanna

Að því loknu voru málin rædd á víð og dreif og svo gengið til kosninga

Kosningu hlutu í stjórn
Sr. Gísli Kolbeins
Hildur Jakobsdóttir
Egill Ól Guðmundsson
varast
~~Guðm Axelsson~~ Böðvar Sigvaldason
~~Þorvaldur Pálsson~~ Helgi Benediktsson
Guðm Axelsson

endursk.
Böðvar Sigvaldason
Haukur Ásvaldsson
Fleira ekki fyrir tekið Fundi slitið
Egill Ól Guðmundsson   Gunnþór Guðmundsson
fundarritari
Gísli H. Kolbeins
Óli Hjálmarsson
Jóhanna S. Jónsdóttir
Hildur Kr. Jakobsdóttir

Fundargerð Fjelags áfengisv. nefnda V-Hún

Fundargerð stjórnar Áfengisvarnarnefndar V-Hún
31.5 1969. Stjórnin kom saman hjá Ólafi Agli
Guðmundssyni Hvammstanga.
Tekið var fyrir
1. Stjórnin skipti með sér verkum sem hér segir
Sr. Ólafur Egill G. Hvammstanga V-Hún formaður
sr Gísli H. Kolbeins Melstað gjaldkeri
Hrefna Kr. Jakobsdóttir Hvoli Hvammstanga ritari
Stjórnin ræddi um aðalfund og var ákveðið að
hafa hann á svipuðum tíma og vant er.
Fleira ekki fyrir tekið
Fundi slitið.
Hrefna Kr. Jakobsdóttir ritari
G.H. Kolbeins
Egill Ól. Guðmundss.

# Aðalfundur.

Félags áfengisvarnanefndar V-Hún haldinn á Hvammstanga þriðjudaginn 14 október 1969.
Mættir voru fulltrúar úr þremur hreppum sýslunnar auk Björns Stefánssonar. Fundinn setti Egill Ólafur Guðmundsson og bauð gesti velkomna.
Sr. Gísli Kolbeins gjaldkeri las upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir athugasemdalaust. Síðan tók til máls Björn Stefánsson erindreki áfengisvarnarráðs. Ræddi hann um bindindismál á við og dreif. t.d. um ósjálfráðadrykkju hjá mönnum, og hefur Tómas Helgason yfirlæknir, á kappi tekið af drykkjumenn til rannsóknar, einnig sagði Björn frá heimsókn í barnaskólann á Hvammstanga. Aftur tók sr. Gísli Kolbeins til máls og sagði frá ýmsum merkum atburðum frá sínum yngri árum, sem að eru honum afar minnisstæðir. Stjórnin kom sér saman um að gangast fyrir skólamóti og halda það í nóvember. Fundarmenn telja brýna nauðsyn að vera vel á verði gegn bruggun á öli í landinu. Guðmundur Axelsson tók síðan til máls og sagði frá sölu á áfengi í skipi sem lá við bryggju á Hvammstanga.

Að gefnu tilefni lýsir fundurinn því yfir, að hann telur útbaverð lélega tollgæslu með skip, sem koma hér í höfnina á Hvammstanga.
Stjórnin var endurkosin. - Varastjórn Gunnþór Guðmunds. Guðmundur Axelsson, Helgi Benediktsson.
Endurskoðendur Böðvar Sigvaldason Barði og Haukur Ásvaldsson Lang[a]r bakka.
Fleira ekki fyrir tekið
Fundi slitið.
Hjalmur Kr. Jakobsdóttir ritari
Gísli Th. Kolbeins
Guðmundur Axelsson
Gunnþór Guðmundsson
Egill Ól. Guðmundsson

Aðalfundur

Félags áfengisvarnanefndar V-Hún haldinn á Hvammstanga fimmtudaginn 29 október 1970. Mættir voru 7 fulltrúar auk Björns Stefánssonar. Fundinn setti Egill Ólafur Guðmundss. Sr. Gísli Kolbeins gerði grein fyrir reikningunum félagsins og kom með ýmsar tillögur til hvers við ættum að verja peningunum.
Ávarp flutti Björn Stefánsson erindreki og flutti m.a. kveðjur frá sr. Kristni Stefánss. áfengisvarnaráðunaut og Pétri Björnssyni erindreka. Upp úr því urðu talsverðar umræður um málefnið. Menn úr áfengisvarnanefndum hreppanna sögðu frá ástandinu úr sínum hreppum. Að lokinni umræðum kom fram eftirfarandi tillaga.
Aðalfundur félags áfengisvarnanefnda í V-Hún haldinn að Hvammstanga fimmtudaginn 29. okt 1970 samþ. að fela stjórninni að efna til ritgerðarsamkeppni næstkomandi vetur í unglingabekkjardeildum skólanna í V-Hún um áfengis og tóbaks neyzlu

m. a. hollu af henni í sambandi við akstur og annað varðandi tökurnar og að veita vegleg verðlaun fyrir 3 bestu rit-gerðir í hverri bekk sögu. Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt.
Enn fremur kom fram önnur tillaga sem einnig var samþykkt. Aðalfundur félags áfengisvarnanefndar V-Hún felur áfengis-varnaráði að leita eftir því við rétta aðila að bannaðar verði tóbaksreykingar í öllum sérleyfisbílum fólksflutninga.
Stjórnin var endurkosin og varastjórn og endurskoðendur.
Fleira ekki fyrir tekið
Fundi slitið.
Hlédís Kr. Jakobsdóttir fundarritari
Ólafur H. Kristjánsson
Guðmundur Axelsson
Helgi G. Benediktsson
Egill O. Guðmundsson
Gunnþór Guðmundsson
Gísli H. Kolbeins

Stjórnarnefndar fundur 19/2 1971.
Stjórnin kom saman hjá Ólafi Guðmundssyni, til þess að ræða um framkvæmd I. tillögu aðalfundar og gera uppkast að bréfi til skóla í sýslunni.
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

Heiða Kr. Jakobsdóttir ritari.
Egill Ól. Guðmundsson
Gísli H. Kolbeins

Fundargerð

Stjórn félags áfengisvarnarnefndar V-Hún kom saman að Melstað 14 april 1971 til að lesa og dæma ritgerðir úr ritgerðasamkeppni sem efnt var til í öllum skólum í V-Hún og 16 apríl á Hvammstanga. Stjórnin var sammála um að veita eftirtöldum nú fimm verðlaun fyrir bestu ritgerðirnar

Landprófsdeild í Reykjaskóla Hrútafirði

Dagur Jónsson bókaverðlaun
Guðmundur Pálsson —
Eyjólfur Eyjólfsson —
Steinar Frímannsson —
Valgarður Jökulsson —
Bragi Guðmundsson —
Ásmar Ólafsson viðurkenning

Miðskóladeild í Reykjaskóla Hrútafirði

Eysteinn Gunnarsson bókaverðlaun
Ragnheiður Baldursdóttir —
Hörður Jónsson —
Bergljót Pálmadóttir viðurkenning

II bekkur í Reykjaskóla Hrútafirði

Jón Eiríksson bókaverðlaun
Guðmundur Hagalínsson —
Björn Rögnvaldsson —

Sigvaldi Ólafsson viðurkenning
Bjarni Ingimarsson —

I bekkur í Reykjaskóla Hrútafirði
Guðmundur Vilhelmsson bókaverðlaun
Guðrún Jósafatsdóttir —
Anna G. Lindal —

Gagnfræðadeild í Reykjaskóla Hrútafirði
Hlédís Sigurðardóttir bókaverðlaun
Hrafnhildur Baldursdóttir —
Guðjón Guðmundsson —

Barnaskólinn í Hrútafirði
Kristín Anna Sveinsdóttir. bókaverðlaun
Dagfríður Þorsteinsdóttir —
Jóhanna Þ. Jónsdóttir —

Barna og unglingaskólinn Hvammstanga
Helga Jónsdóttir viðurkenning
Guðmundur Sigurðsson —
Árni Guðmannsson —
Jóhannes Snorrason bókaverðlaun
Jóhanna G. Ágústsdóttir —
Þórdís Gunnarsdóttir —
Geir Magnússon viðurkenning
Lára Jónsdóttir bókaverðlaun
Helga Stefánsdóttir —

Laufey Margrét Jóhannesdóttir bókaverðlaun
Berglind Magnúsdóttir viðurkenning
Svafa Magnúsdóttir bókaverðlaun
Barnaskólinn á Laugarbakka Miðfirði og unglingaskó-
Ágúst E. Þorvaldsson bókaverðlaun
Jónína H. Helgadóttir —
Guðrún Helga Magnúsdóttir —
Stefán Böðvarsson —
Hreggviður Jónsson viðurkenning
Þórunn Eiríksdóttir bókaverðlaun
Guðmundur Reynir Jóhannesson —
Helga Auður Jónsdóttir —
Sigurósk Edda Jónsdóttir —
Björn Guðmundsson viðurkenning
Pétur Stefánsson —
Jónína Ingólfsdóttir —
Magnús Kr. Jónsson —
Fleira ekki tekið fyrir. Steinunn Kr. Jakobsdóttir ritari

Aðalfundur.

Félag áfengisvarnanefndar V-Hún haldinn á
Hvammstanga mánudaginn 8 október 1971.
Mættir voru 4 fulltrúar auk Björns Stefánssonar
erindreka áfengisvarnarráðs. Ávarp flutti Björn Stefánsson
erindreki og flutti hann m.a. kveðju frá Ólafi Hauk
Árnasyni áfengisvarnaráðunaut.
Egill Ólafur Guðmundsson gerði grein fyrir
störfum stjórnarinnar. Þrír fundarmenn tóku til máls
Reikningar ekki teknir fyrir vegna þess að gjaldkerinn
Sr. Gísli Kolbeins Melstað gat ekki mætt.
Að gefnu tilefni töldu fundarmenn rétt að halda fundi
ekki síðar en í fyrri miðjan sept. um miðjan september en ekki í október vegna slæmra
þátttöku. Aðalfundur félags áfengisvarnanefndar Vestur
Húnavatnssýslu haldinn á Hvammstanga lýsir ánægju sinni
yfir ákvörðun síðasta alþingis að banna tóbaksauglýsingar
frá næstkomandi áramótum. Jafnframt vill fundurinn
minna á nauðsyn þess að læknar og aðrir áhrifamenn
haldi áfram öflugri fræðslu um skaðsemi sígarettureykinga.
Mættir stjórnarnefndarmenn á fundinum samþykktu að sitja í
stjórn til næsta fundar. –

Aðalstjórn skipa Egill Ól. Guðmundsson Hvammstanga
Hrönn K. Jakobsdóttir –
Sr. Gísli H. Kolbeins Melstað

Varastjórn Gunnþór Guðmundsson Dæli.
Guðmundur Axelsson Valdarási
Helgi Benediktsson Hvammstanga
Endurskoðendur Böðvar Sigvaldason Barði og
Haukur Ísfeldsson Laugarbakka.
Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið.
Hiedur Kr. Jakobsdóttir ritari
Egill Guðmundsson
Gunnþór Guðmundsson
Helgi Benediktsson

Aðalfundur

Félags áfengisvarnarnefnda V-Hún haldinn í Félagsheimilinu Ásbyrgi Miðfirði fimmtudaginn 12 júlí 1973. Mættir voru 4 fulltrúar auk Björns Stefánssonar erindreka áfengisvarnaráðs. Björn Stefánsson flutti kveðju frá Ólafi Hauk Árnasyni með þeirri áskorun að áfengisvarnarnefndir leituðu samstarfs um áfengisvarnir og bindindishald á breiðum grundvelli t.d með kvenfélögum, ungmennafélögum og öðrum menningarfélögum. Þetta var ályktað á Fundurinn telur að Félag áfengisvarna í Vestur-Húnavatnssýslu eigi að leitast við að koma á myndarlegri fjölskyldusamkomu í sýslunni.

Fundarmenn tóku vel undir þá hugmynd að halda sameiginlegan aðal-fund með Strandamönnum á næsta ári. Í stjórn voru tilnefndir Guðm. Þór Guðmundsson Dæli
Þórarinn Þorvaldsson Þóroddsstöðum
sr Gísli Kolbeins Melstað
Varastjórn Guðmundur Axelsson Valdarási, Ólafur Kristjánsson Reykjaskóla Steinþór Árnason

Reikningsstöðuna.
Endurskoðendur Böðvar Sigvaldason og
Haukur Ástvaldsson Laugabakka

~~Fleira ekki tekið fyrir~~
Undir liðnum önnur mál ~~[illegible]~~
þakkaði formaðurinn frú Heiði Jakobsdóttur,
sem nú er á förum af félagssvæðinu —
fyrir sérstaklega ~~ágæt~~ góð störf
og áhuga alúð í áfengisvarnamálunum —
Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið
Heiður Kristín Jakobsdóttir ritari
Egill Ól Guðmundsson
Guðbjörg G. Gunnlaugsdóttir
Gísli Kolbeins

Að boði Björns Stefánssonar
áfengisvarnaerindreka voru undir-
ritaðir saman komnir á fund
í Víðihlíð, sem boðaður hafði
verið sem aðalfundur árið
1974, föstudagskvöldið 25. okt.
Fundarhaldið fór fram í óforn-

leguna ~~Fornu~~ Þingborðsumræðum
Björn Stefánsson erindreki sagði
fréttir og ræddi áfengismálamál.
M.a. var minnst á það gjörræði
forðanna, sem Menntamálaráð-
herra hefir gefið með álmeðferð
sinni að hafa ekki einu sinni tiltöl-
ur á vegum Menntamálaráðuneytisins.
Minnst var á vandamál það,
sem sú mest, að ungir áfengis-
neytendur eru áhyggjur efni
margra. Ýmis lagt fleira
kom fram m.a. hvað um nafnskrá
allra á áfengisflöskum.
Síðan hugmynd kom fram
að stjórn félags áfengisvarnar
U.-Hún. fari þess á leit við
Skólastjóra skólanna í héraðinu
að þeir láti vera ritgerðar-
efni í einum ísl. tíma
„Hvaða skaðsemi hefir það
á því að Menntamálaráð-
herra hefir ákveðið að ~~að~~
hafa ekki einu sinni tilhugar á
~~sínum vegum~~ mannfagnaði.

, sem hann stendur fyrir".
Reyna svo að fá einhver svör til bréfritarans í blöðum.
Stjórnarkosningar fóru ekki fram, en fundarmenn töldu æskilegast að síðasta stjórn stæði til næsta fundar. Einnig voru þeir sammála um að bátar þær ályktanir, sem gjörðar voru á síðasta fundi um fjölskyldusamkomu og samvinnu við Strandamenn standi enn í fullu gildi.

Gunnþór Guðmundsson
Gísli Kolbeins
Egill Á. Guðmundsz

12/1 1976

Var fundur settur í áfengisvarnanefndar Þorkelshólshrepps í Víðidalstungu 1.

Stjórnin skyftir þannig með sér verkum
Formaður Gunnþór Guðmundsson
Gjaldkeri Ólafur B Óskarsson
Ritari Hermann Sigurðsson

Ákveðið var að skrifa bréf til formanns ungmennafélagsins Víðis með til mælum um að reynt verði að stemma stigu við áfengis neyslu á skemtunum meira en verið hefur.

Hermann Sigurðsson
Gunnþór Guðmundsson
Ólafur B Óskarsson